

HAFNARSÓKN

Hafnarkirkja - Stafafellskirkja
Kirkjugarðarnir á Höfn og Stafafelli



Refilsaumað altarisklæði frá Stafafelli. María situr í háseti með reifað Jesúbarnið á brjósti og er hún á milli postulanna Péturs og Símonar. Stærð er 92,5x106 cm. Frá 14. öld. Klæðið var sent til Kaupmannahafnar árið 1820. Er í Þjóðminjasafni Dana, Nationalmuseet, DNM CXCVIII, 1820.

Ársskýrsla 2013 – 2014

Aðalsafnaðarfundur haldinn
í Safnaðarheimili Hafnarkirkju 19. mars 2014

Hafnarsókn

*Aðalfundur Hafnarsóknar árið 2013
var haldinn 20. mars í safnaðarheimilinu.*

Sóknarnefnd og starfsfólk

Prestar:

Sóknarprestur er séra Sigurður Kr. Sigurðsson og prestur í hálfu starfi séra Gunnar Stígur Reynisson.

Sóknarnefnd:

Albert Eymundsson	formaður
Gauti Árnason	varaformaður
Halldóra K. Guðmundsdóttir	ritari, varasafnaðarfulltrúi
Gísli Vilhjálmsson	gjaldkeri
Gunnlaugur Þ. Höskuldsson	safnaðarfulltrúi
Linda Hermannsdóttir	
Olga Friðjónsdóttir	

Sóknarnefnd, varamenn:

Magnús Birna Aðalsteinsdóttir
Gunnhildur L. Gísladóttir
Halldóra Ingólfssdóttir
Heiðar Sigurðsson
Sigurður Ólafsson
Stefanía Sigurjónsdóttir
Þorvaldur Viktorsson

Sóknarnefndarmenn skiptu með sér verkum eins og að ofan greinir og munu skipta með sér verkum að loknum aðalsafnaðarfundum.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Svava Kr. Guðmundsdóttir
Jón. G. Gunnarsson.

Starfsmenn eru þeir sömu og áður:

Kristín Jóhannesdóttir, organisti
Örn Arnarson, kirkjuvörður

Helga Stefánsdóttir og Magnús Birna Aðalsteinsdóttir kórfélagar aðstoðuðu við sunnudagaskólann. Sóknarnefndarmenn og séra Gunnar Stígur leystu kirkjuvörð af í fríum hans.

Aðalmenn í valnefnd:

Albert Eymundsson,
Gunnlaugur Þröstur Höskuldsson,
Halldóra K. Guðmundsdóttir,
Linda Hermannsdóttir,
Örn Arnarson.

Varamenn í valnefnd:

Gauti Árnason,
Magnús Birna Aðalsteinsdóttir,
Sigurður Ólafsson,
Stefanía Sigurjónsdóttir,
Þorvaldur Viktorsson.

Safnaðarstarfið

Safnaðar- og kirkjustarfið hefur verið með hefðbundnum hætti. Messað var reglulega og starf samkórsins hefur verið öflugt eins og áður. Viðhaldi fasteigna hefur verið haldið í lágmarki án þess að láta eignir og muni kirknanna drabbast niður. Sótt var um styrk til Jöfnunarsjóðs sókna. Úthlutað var 500.000- kr. sem nýttar verða á þessu ári 2014 til viðhalds utanhúss.

Athafnir og samvera í kirkjunum

- Andlegar athafnir í Hafnarkirkju voru 63 sem 3.947 einstaklingar sóttu.
- Veraldlegar athafnir í Hafnarkirkju voru 20 sem 1.630 einstaklingar sóttu.
- Samtals komu í Hafnarkirkju á árinu 5.577 manns.
- Athafnir í Stafafellskirkju voru 3 sem 105 einstaklingar sóttu.
- Þess má geta að mikill fjöldi ferðamanna skoðar Stafafellskirkju á hverju ári.



- Þá eru ótaldar allar kóræfingar (samkórsins, karlakórsins og barnakórsins um tíma), fundir, tónleikar og annað sem fer fram í Hafnarkirkju og safnaðarheimilinu.

Fundur og námskeið

Sóknarnefndarformaður sótti þing kirkjugarðasambandsins sem haldið var á Akureyri.

Fjármál

Fjármálin hafa verið helsta viðfangsefni sóknarnefndar á þessu starfsári eins og áður.

Ársreikningur 2012

(tölur ársins 2012 innan sviga)

Tekjur voru samtals 12.333.194- kr. (12.246.439- kr.). Helsti tekjustofninn eru sóknargjöld 10.272.116- kr. (9.530.796- kr.). Önnur framlög og styrkir eru 2.061.078- kr. (2.568.143- kr.).

Rekstrargjöld voru 11.983.568- kr. (11.344.867- kr.). Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun ásamt launatengdum gjöldum. Tekjuafgangur er 410.460- kr. (986.344- kr.) og handbært fé í árslok 2.735.022- kr. (2.494.973- kr.).

Ársreikningurinn sýnir að reksturinn er að mestu leyti í samræmi við fjárhagsáætlun. Það skiptir miklu máli að greiðslustaðan er jákvæð og sóknin er skuldlaus. Hvað varðar frekari skýringar er vísað í ársreikninginn sem liggur fyrir á fundinum.

Fjárhagsáætlun

Á þessum fundi er lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Í 4. gr. starfsreglna fyrir sóknarnefndir segir: „Sóknarnefnd skal í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár og hafa þar m.a. hliðsjón af starfsáætlun sóknarprests og annarra starfsmanna sóknarinnar. Fjárhagsáætlun skal lögð fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu.“ Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar eru að gert er ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð samtals 13.712.000- kr. Þar af eru sóknargjöld 10.062.000- kr. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 2.000.000- kr. sem aflað verður með sértekjum til að hægt sé að sinna eðlilegu viðhaldi á kirkjunni. Rekstrargjöld eru samtals 13.254.895- kr.

Helstu forsendur áætlunarinnar:

- Sóknargjöld eru reiknuð 750- kr. á hvert gjaldskýlt sóknarborn árið 2012. Miðað er við 1118 einstaklinga í þjóðkirkjunni.
- Gert er ráð fyrir að aðrir kostnaðarliðir verði sambærilegir og rauntölur 2014 gefa til kynna.

Vísað er í framlagða fjárhagsáætlunina á fundinum til frekari skýringa. Til að skýra betur þróun rekstursins milli ára eru hér samanburðartölur síðustu ára. Þar kemur vel fram tekjuskerðingin. Ef sama krónutala væri greidd í sóknargjöld og fyrir sex árum væri staðan þokkaleg hvað þá ef verðbætur væru reiknaðar ofan á. Þrátt fyrir



verðlagsþróun á þessu tímabili hefur tekist að halda rekstrarkostnaði í svipaðri krónutölu og var árið 2008 en að sjálfsgöðu kemur það niður á þjónustunni og starfsemi eins og tíundað hefur verið áður. Aukinn rekstrarkostnaður á þessu ári er vegna verulegs viðhalds sem ekki var á síðustu árum.

	Sóknargjöld	Útgjöld
2008	11.646.434	11.144.819
2009	11.085.564	11.095.257
2010	10.170.417	12.516.635
2011	9.364.370	10.797.462
2012	9.530.796	11.344.867
2013	9.780.264	11.154.855
2014	10.062.000	13.254.859 (Áætlun)

Kirkjugarðar í Hafnarsókn

Sóknarnefnd skipar jafnframt stjórn kirkjugarðanna en rekstur garðanna á að vera aðskilinn rekstri sóknarinnar og þess vegna er gerður sérstakur ársreikningur og áætlun fyrir þá. Það er viss hagræðing af því þegar rekstur beggja aðila er á sömu hendi. Sérstaklega á þetta við um starfsmannahald sem hægt er að samræma. Rekstur kirkjugarðanna hefur verið erfiður og afmarkaðar tekjur nægja alls ekki fyrir eðlilegum gjöldum. Erfitt er að finna sparnaðar- eða hagræðingarleiðir og því síður viðbótartekjur þegar rekstur kirkjugarða er annars vegar. Ekki sættum við okkur við að sjá þá illa hirta og drabbast niður. Tap kirkjugarðanna hefur verið bókfært sem skuld hjá sóknarnefndinni og er nú 2.149.332- kr. Sóknarnefndin/stjórn kirkjugarðanna hefur ekki fundið aðra leið til að leysa þennan vanda en vonandi fæst almenn leiðrétting á kirkjugarðagjöldum í framtíðinni.

Ársreikningur kirkjugarðanna

(tölur ársins 2012 innan sviga)

Helstu niðurstöður ársreiknings kirkjugarðanna eru að rekstrartekjur/kirkjugarðsgjöld voru samtals 4.850.999-kr. (4.470.954- kr.). Inn í tekjuliðnum er 1.500.00- kr. framlag úr kirkjugarðasjóði vegna framkvæmda við stækkun kirkjugarðsins á Höfn. Rekstrargjöld voru samtals 5.499.767- kr. (5.510.451- kr.). Hallinn er 648.768- kr. (1.039.497- kr.) sem skuldfærður er á reikning sóknarinnar eins og áður hefur komið fram og er þetta svipuð upphæð og hagnaður sóknarinnar svo ekki kemur til greiðsluvandi vegna þessa.

í neðri hleðslunni. Almenn ánægja virðist vera með framkvæmdina og útlit garðsins.

Heimasíða - bjarnanesprestakall.is

Séra Gunnar Stígur hefur endurhannað heimasíðu „bjarnanesprestakall.is“. Þar má finna ýmsar upplýsingar um sóknina og starfsemina ásamt gömlum og nýjum myndum. Full ástæða er til að hvetja fólk að skoða síðuna við og við því hún er uppfærð reglulega með upplýsingum, tilkynningum og myndaefni.



Fóreltramorgnar í safnaðarheimilinu á fimmtudagsmorgnum.

Fjárhagsáætlun kirkjugarðanna

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur verði 3.648.036-kr. og gjöld 4.022.009- kr. Halli er 423.973- kr. sem er alls ekki viðunandi en erfitt að finna aðra lausn en viðhöfð hefur verið þ.e.a.s. að bókfæra tapið sem skuld hjá sóknarnefndinni.

Helstu forsendur áætlunarinnar:

- Greftrunargjald er óbreytt: 76.000- kr. Áætlaðar 10 greftranir á árinu.
- 8,5% af kirkjugarðsgjöldum fara í Kirkjugarðasjóð.

Stækkun kirkjugarðsins á Höfn

Stækkun kirkjugarðsins á Höfn er að mestu lokið. Eftir er að koma upp lýsingu á efri hleðslukantinn með streng á milli til að varna að fólk falli fram af kantinum. Ástæða er til að þakka bæjaryfirvöldum og starfsfólki sveitarfélagsins sem og Guðmundi Rafni Sigurðssyni hjá kirkjugarðasambandinu fyrir gott samstarf. Kristján Ingi Gunnarsson garðyrkjufraeðingur sá um lokafráganginn en hann sá sömuleiðis um hleðsluna við minningarreitinn á sínum tíma. Hann var eins og aðrir sem komu að verkinu einstaklega þægilegur í öllum samskiptum. Nokkrir aðilar lögðu málefnið lið. Þar ber að þakka Skinney-Þinganesi, mötuneyti HSSA, Hótel Höfn og Kaffihorninu sem lögðu til gistingu og fæði fyrir Kristján Inga og aðstoðarmann hans. Það var sömuleiðis ánægjulegt að leikskólabornin í nágrenninu aðstoðuðu við gróðursetningu plantanna

Líkhús

Minni enn einu sinni á að nauðsynlegt er að halda umræðu um nýtt líkhús og framtíðarlausnir í þeim efnun vakandi.

Lokaorð og þakkir

Lokaorð í síðustu ársskýrslu eru í fullu gildi og endurtekin hér. Margar dýrmætustu stundir og minningar í lífi okkar tengjast kirkjulegum athöfnum s.s. skírnum, fermingum og giftingum. Sömuleiðis finnst okkur mikilvægt að útfarir ástvina geti farið virðulega fram og öllum til sóma. Þess vegna er svo mikilvægt að það sé ákveðinn myndugleiki kringum allt starf kirkjunnar. Til þess að svo megi vera er nauðsynlegt að rekstrarumhverfi sóknarinnar og kirkjugarðanna verði fært til betra horfs eins og sýnt hefur verið fram á hér á undan. Mér er enn og aftur ljúft og skylt að þakka öllum gott samstarf og samvinnu á liðnu starfsári. Sömuleiðis skal öllum þakkað sem lagt hafa sóknarnefnd og kirkjustarfinu lið með styrkjum eða á annan hátt. Prestum og starfsfólki er einnig þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf sem unnin voru af metnaði eins og sjá mátti í athöfnum, viðhaldi kirknanna, umhverfi þeirra og kirkjugörðunum. Ég vil eins og áður hvetja safnaðarmeðlimi til að standa vörð um safnaðar- og kirkjustarfið og taka því vel ef sóknarnefnd leitar til sóknarmeðlima eða annarra aðila með erindi til að efla starfið.

Hornafirði 19. mars 2014

Albert Eymundsson, formaður sóknarnefndar